

# Hluthafastefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og samþykktum. Sjóðurinn hefur það að markmiði að hámarka ávöxtun á eignum sjóðfélaga til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu og hámarka þannig lífeyrisréttindi þeirra að lokinni starfsævi. Sjóðurinn leggur áherslu á málefni umhverfis-, félags- og stjórnarháttanna við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að þær ákvarðanir hafa áhrif á ólíka hagaðila og samfélagið í heild.

Hluthafastefna þessi markar stefnu Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (LSBÍ) í stjórnarháttum sjóðsins sem hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í. Stefnunni er ætlað að stuðla að faglegum samskiptum við stjórnir félaga sem sjóðurinn á hlut í sem og annarra hluthafa, auka gagnsæi í störfum sjóðsins og trúverðugleika á markaði. Varðandi stefnu sjóðsins í umhverfis- og félagsmálum vísast til stefnu sjóðsins í ábyrgum fjárfestingum.

## Gildissvið

Hluthafastefna LSBÍ á fyrst og fremst við um innlendar fjárfestingar sjóðsins þar sem hann fer með verulegan eignarhlut eða 2,5% eða hærri beinan eignarhlut í einstöku félagi eða þar sem eignarhlutur er 1% eða hærri af heildareignum lífeyrissjóðsins.

## Val og kröfur til stjórnarmanna

Almennt tilnefnir sjóðurinn ekki fulltrúa í stjórnir félaga fyrir aðalfundi þeirra. Í þeim tilfellum sem ekki er sjálfkjörið til stjórnar tekur framkvæmdastjóri saman ákvörðun stjórnar um hvernig sjóðurinn hyggist ráðstafa atkvæðum sínum. Stjórnarmenn LSBÍ taka ekki sæti í stjórnnum félaga sem falla undir stefnu þessa í umboði sjóðsins.

LSBÍ leggur áherslu á að stjórnir félaga sem fjárfest er í starfi í samræmi við góða stjórnarhætti. Það felur meðal annars í sér að stjórnarmenn séu sjálfstæðir í störfum sínum og beri hagsmuni félags sem þeir starfa í umboði fyrir umfram aðra hagsmuni þar með talið eigin hagsmuni.

## Hluthafafundir

Sjóðurinn leitast við að sækja hluthafafundi félaga sem hann er hluthafi í samkvæmt gildissviði stefnu þessarar. Almennt styður sjóðurinn tillögur stjórnanna að því gefnu að þær teljist vera til hagsbóta fyrir umrætt félag og hagsmuna sjóðsins.

Almennt fer framkvæmdastjóri sjóðsins með atkvæði sjóðsins í umboði stjórnar á hluthafafundum félaga en hefur jafnframt heimild til að framselja öðrum aðila umboðið.

## Starfskjör og starfskjarastefna

Sjóðurinn gerir kröfu um að gætt sé hófs við gerð starfskjarastefnu og ákvörðun kjara stjórnarmanna félaga sem falla undir hluthafastefnuna. Gæta þarf þess að allar ákvarðanir séu í samræmi við hlutafélagalög, taki mið af stærð félagsins, umfangi og þess markaðar sem það starfar á. Þá sé þess gætt að árangurstengdar greiðslur og valréttir stjórnenda og stafsólks séu skýrt afmarkaðir og fari saman við langtímahagsmuni félagsins.

## Samskipti við stjórnarmenn og stjórnendur

LSBÍ hlutast ekki til með beinum hætti um stjórnarstörf einstaka stjórnarmanna eftir að þeir hafa hlotið kosningu í stjórn. Komi til þess að sjóðurinn þurfi að eiga samskipti við stjórn eða stjórnendur þar sem sjóðurinn er hluthafi og í samræmi við gildissvið hluthafastefnu þessarar, skal þess gætt að samskipti séu í samræmi við verklagsreglur viðkomandi félags, ákvæði samkeppnislaga og reglur um innherjaupplýsingar.

## Samkeppnissjónarmið

LSBÍ leggur áherslu á að félög sem sjóðurinn á eignarhlut í eigi í virkri samkeppni á viðkomandi markaði. Sjóðurinn gerir sér grein fyrir að eignarhald á verulegum hlut í félögum á sama markaði kallar á sérstaka aðgæslu af hálfu sjóðsins.

Samþykkt á stjórnarfundi LSBÍ 29. nóvember 2021